

Grafarvogi, 15. okt. 2024

Umsögn íbúaráðs Grafarvogs vegna íbúðaruppbyggingar í grónum hverfum - breytinga á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.

Íbúaráð hefur kynnt sér fyrirbyggjandi gögn, fengið kynningu á fundi ráðsins, heyrð í íbúum, sótt kynningarfund og ítrekað rætt fyrirhugaða uppbyggingu.

Við horfum sérstaklega til þess sem stendur í lýsingu á Samráðsgáttinni „**Mögulegir nýir uppbyggingareitir íbúðarhúsnæðis innan gróinna hverfa eru í sumum tilvikum þegar innan skilgreindrar íbúðarbyggðar í aðalskipulagi, sbr. framsetning á skipulagsuppdráttum AR2040. Í mörgum öðrum tilvikum eru tækifæri til nýrrar uppbyggingar að finna á helgunarsvæðum umferðargatna, vannýttum jöðrum annarra landnotkunarsvæða og á svæðum sem skilgreind eru í dag opin svæði og græn án þess þó að þau gegni ákveðnu hlutverki sem útvistar- eða verndarsvæði.**“

Íbúaráð setur sig ekki upp á móti boðuðum breytingum á aðalskipulagi sb. textinn hér að ofan en íbúaráð vill áréttta að öll uppbygging á þessum reitum verði í fullu samræmi við það sem kynnt hefur verið – þ.e. húsnæði sem fellur að byggðinni í Grafarvogi. Fyrst og fremst verði um að ræða litla eða fremur litla byggingareiti þar sem sérbýli, raðhús og lítil fjölbýli verði byggð, í anda þess sem fyrir er á viðkomandi svæði. Við viljum einnig vísa til í fundar íbúa með borgarstjóra 27. jan.sl. þar sem fram kom að íbúar í Grafarvogi eru ánægðir í dag með gott aðgengi að náttúrunni, útvistar- svæði, göngustíga og gönguleiðir. Einnig að hverfið einkennist af lágreistri byggð og miklum gróðri. Þetta eru allt atriði sem við leggjum áherslu á og því þarf að tryggja að væntanlegar byggingar falli sem best að þessum einkennum hverfisins.

Að lokum vill íbúaráð nefna áhyggjur íbúa af Sóleyjarrima, bent er réttilega á mikið byggingarmagn og að sk. fyrirbyggjandi tillögum fylgir ekki eitt bílastæði hverri íbúð. Þetta vill íbúaráð ítreka að verði endurskoðað og einnig að það græna svæði sem verður á þessum reit snúi að Rimaskóla og skipulagt með þarfir barna og unglunga. Jafnframt vill íbúaráð ítreka áhyggjur af því að byggja á „hljóðmön“ við Hallsveg því það er einsýnt að umferð á bara eftir að aukast á þessu svæði við tilkomu Sundabrautar. Síðan viljum við benda á áhyggjur íbúa sem óttast að byggingaraðilum verði gefið leyfi til að bæta við einni hæð ofan á áður auglýstar hugmyndir.

Að lokum - hluti íbúa Grafarvogs hefur miklar áhyggjur af fyrirhugaðri uppbyggingu í hverfinu. Mörgum íbúum finnst ferlið fara of hratt af stað og vilja fá betra ráðrúm til að kynna sér þessi áform. Við skiljum því vel óskir margra íbúa þess efnist að umsagnarfræsturinn verði framlengdur, slíkur fræstur yrði vel þeginn af mörgum.

Með kveðju,
f.h. íbúaráðs Grafarvogs,
Fanný Gunnarsdóttir
formaður